

Alþingi
Erindi nr. P 137/604
komudagur 10.7.2009

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 10. júlí 2009

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um tillögu til þingslályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum (116. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til bréfs nefndarinnar dags. 1. júlí sl. þar sem SFF er veittur kostur á að senda umsögn um tillögu til þingslályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum (116. mál).

SFF taka undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að miklir erfiðleikar steðja að íslenskum fyrirtækjum um þessar mundir. Framundan er mikil vinna við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.


Samtökin telja að stofnsetning ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluvanda kalli hugsanlega á lagabreytingar og einnig á ráðningu fjölmargra sérfræðinga sem þarf að þjálfa til starfans. Þannig mun stofnun ráðgjafarstofunnar reynast bæði dýr og tímafrek.

Í lok árs 2008 komu ríkisbankarnir sér saman um ýmsar vinnuaðferðir sem sem ætlað er að stuðla að því að úrvinnsla útlánavanda verði eins gegnsæ og sanngjörn og kostur er. Í þessu sambandi má sem dæmi nefna stofnun embættis umboðsmanns viðskiptamanna í hverjum banka og að bankarnir settu sér viðmið sem höfð eru til hliðsjónar við úrlausn skuldavanda fyrirtækja. Í þeim viðmiðum er m.a. gert ráð fyrir að ef fleiri en einn banki er í hópi kröfuhafa komi bankarnir og viðkomandi fyrirtæki sér saman um einn banka sem hafi forsvar á málinu. Sá banki sjái til þess að eðlilegt upplýsingaflæði sé á milli þeirra sem að málinu koma. Hefur þessi samvinna gengið vel.

Bankar og sparisjóðir hafa nú þegar til staðar verkferla sem unnið er eftir til að meta lífvænleika fyrirtækja. Þá er í bankakerfinu nú þegar fyrir hendi stór hópur sérhæfðs starfsfólks sem hefur heildaryfirsýn yfir fjármál fyrirtækja í viðskiptum og mikla sérfræðiþekkingu til að vinna að endurskipulagningu þeirra. Áætla má að um 300 starfsmenn sinni þessum málaflokki hjá bönkum og sparisjóðum. Fjármálafyrirtækin hafa því getu til að vinna hratt og vel í þessum málum. Auk þess starfa á almennum markaði fjölmörg ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfa sig í ráðgjöf til fyrirtækja og liggur hjá þeim mikil þekking og reynsla á þessu sviði.

Að mati SFF er hætt á að stofnsetning ráðgjafarstofunnar myndi teftja þá vinnu sem nú þegar er hafin innan bankakerfisins við endurskipulagningur fyrirtækja og þeim fjármunum sem varið yrði í rekstur stofnunarinnar yrði betur varið í önnur verkefni. Leggja SFF fremur áherslu á að mikilvægi þess að styrkja það starf sem nú þegar er unnið í fjármálafyrirtækjunum til úrlausnar skuldavanda fyrirtækja.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Jóna Björk Guðnadóttir". The signature is written in a cursive style and is centered on the page.

Jóna Björk Guðnadóttir